

Arion banki hf.

## Leiðbeiningar fyrir veitingu umboðs


# Launagreiðendavefur

Prókúruhafar geta veitt einstaklingum umboð til að sjá um málefni lögaðila á launagreiðendavef Arion banka. Einnig geta einstaklingar veitt öðrum umboð til að sinna sínum málefnum á launagreiðendavef Arion banka.

Til að gera það er farið á vefslóðina:

<https://login.signet.is/Home/Form/18>

Umboðsveitandi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum.



Eftir innskráningu birtist valmynd þar sem hægt er að veita einstaklingum aðgang að launagreiðendavef fyrir hönd lögaðila.

### Félag

Í reitnum „Félag“ birtist listi yfir þau félög sem notandinn hefur prókúru fyrir. Veljið félagið sem á að veita umboð fyrir. Notandinn getur einnig valið að gefa umboð fyrir eigin hönd.

### Umboðshafi

Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang að vef Arion banki hf. inn í reitinn „**Umboðshafi**“

### Fyrir hönd

Kerfið skráir sjálfkrafa inn í reitinn „**Fyrir hönd**“ kennitölu þess félags/einstaklings, sem er valið í „**Félag**“

### Gildir til

Setjið dagsetningu í reitinn „Gildir til“ sem tilgreinir hversu lengi starfsmaðurinn á að hafa aðgang að vefsíðunni, t.d. tveimur árum frá deginum í dag.

### Vista form:

Eftir að hafa fyllt út upplýsingar um „Félag“, „Umboðshafa“, „Fyrir hönd“ og „Gildir til“, skal smella á hnappinn „Vista form“.

## Dæmi um útfyllt form Launafulltrúi

Umboð til að sýsla á launagreiðendavef Arion banka

Félag:

Advania Ísland ehf.

Veldur lögaðila

Umboðshafi

0101307789

Gervimaður útlönd

Fyrir hönd

5902697199 - Advan

Gildir til

31.08.2028

Kennitala þess sem  
á að fá aðgang

Vista form

Veldu hve lengi  
umboðið á að gilda

Eftir að ýtt hefur verið á „Vista form“ birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna

### Staðfestið umboð

Móttakandi: 0101307789 Gervimaður útlönd  
Fyrir hönd: 5902697199 - Advania Ísland ehf.  
Gildir til: 31.07.2028

Hætta við Staðfesta

Þegar smellt er á „Staðfesta“, fer vinnsla af stað þar sem umboðið er smíðað og umboðsskjal innsiglað.

### Umboð fyllt út

Vinsamlegast hinkrið

Þegar umboðið hefur verið smíðað birtist mynd sem staðfestir umboðið. Ef veita á fleiri einstaklingum umboð er smellt á „Veita annað umboð“.

## Upplýsingar um umboð

Umboðsveitandi: 2804683399 : Sigurður Másson

Umboð fyrir: 5902697199 : Advania Ísland ehf.

Umboðshafi: 0101307789 : Gervimaður útlönd

Stofnað: 20.8.2024 20:57:46

### Umboð er tilbúið


[Heim](#)[Veita annað umboð](#)[Sækja](#)

## Innskráning á launagreiðendavef Arion banka.


Notendur sem hafa fengið aðgang að mínum síðum hjá Arion banki hf. geta skráð sig inn í vefinn með því að fara á vefslóðina

<https://www.arionbanki.is/einstaklingar/sparnadur/vidbotarsparnadur/launagreiðendur/>

og velja þar að smella á hnappinn “Opna launagreiðendavef”.




Þá er notandinn sendur á valmynd, þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum



Að auðkenningu lokinni er kannað hvort viðkomandi notandi hafi skráð umboð. Ef notandinn hefur engin skráð umboð, skráist hann inn á vefinn án umboðs. Hafi viðkomandi notandi skráð umboð, þá birtist gluggi með lista yfir þau umboð sem notandinn hefur. Notandinn merkir við línu þess fyrirtækis sem viðkomandi vill skrá sig inn í umboði fyrir. Að því loknu er smellt á “Áfram”

Ef notandinn velur að skrá sig inn án umboðs, er hann skráður inn á sinn eigin aðgang í stað þess að skrá sig inn fyrir hönd þess aðila sem hann er með umboð fyrir.



Og þá birtist vefur launagreiðendavefurinn.